

S A M Þ Y K K T

104

29. apríl

um bann við dragnótaveiðum innan Fáskrúðsfjarðar-, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhafna.

Þessi löggilt hafnarsvæði skulu með öllu friðuð fyrir dragnótaveiðum:

1. Fáskrúðsfjarðarhöfn innan línu, sem hugsast dregin þvert yfir Fáskrúðsfjörð frá Mjóeyri yfir í Melrakkaeyri.
2. Eskifjarðarhöfn innan línu, sem hugsast dregin frá Mjóeyri yfir í Skeleyri.
3. Reyðarfjarðarhöfn innan línu, sem hugsast dregin úr Hellulækjarósi þvert yfir Reyðarfjörð í Handarhald.

Um viðurlög við brotum gegn samþykkt þessari fer eftir lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Samþykkt þessi er gerð af sýslunefnd Suður-Múlasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 26 12. febr. 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 29. apríl 1940.

Lúðvík Ingvarsson,
settur.

S A M Þ Y K K T

105

20. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma hárgreiðslustofa í Reykjavík, nr. 57 5. júní 1937.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alla virka daga árs, aðra en föstudaga, skal hárgreiðslustofum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, en á föstudögum kl. 8 síðdegis, og þær ekki opnar aftur fyrir en kl. 8½ árd. næsta virkan dag. Þó skulu vera undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofnunum lokað eigi síðan en kl. 4½ síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofnunum opnum til kl. 11 síðdegis og næst síðasta virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 9 síðdegis.

Síðasta vetrardag og miðvikudaginn fyrir uppstigningardag má hafa stofurnar opnar til kl. 7 síðdegis, en miðvikudaginn fyrir skírdag til kl. 8 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 14. september skal loka stofnunum eigi síðar en kl. 1 e. h. á laugardögum.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1936 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.